

**Fimmtudaginn 2. júní 1994 kl. 14:00**

**30. fundur samkeppnisráðs**

**Ákvörðun nr. 12/1994.**

**Kvörtun Hreyfils vegna Ríkisspítalanna.**

**I.**

**Málavextir.**

Erindi barst frá bifreiðastöðinni Hreyfli 3. janúar 1994 þar sem óskað er álits samkeppnisráðs á því hvort það sé ekki í andstöðu við samkeppnislögin að stjórn Ríkisspítalanna hafni beiðni Hreyfils um leyfi til að setja upp "beinlínusamband" (síma sem er í beinum tengslum við bifreiðastöðina) í anddyri aðalinngangs Landspítalans.

Eftir að bifreiðastöðin Bæjarleiðir gerði, í kjölfar útboðs, aksturssamning til tveggja ára við Ríkisspítalana í maí 1992 hefur bifreiðastöðin Hreyfill ítrekað reynt að fá leyfi stjórnar Ríkisspítalanna til þess að setja upp "beinlínusamband" í anddyri aðalinngangs Landspítalans. Stjórn Hreyfils telur bifreiðastöðinni vera mismunað þar sem stöðin getur ekki boðið upp á sömu þjónustu og Bæjarleiðir geta boðið viðskiptavinum sínum vegna samnings Bæjarleiða við Ríkisspítalana.

Í útboðsgögnum Innkaupastofnunar ríkisins vegna útboðs nr. 3815/2, um leigubifreiðaakstur fyrir Ríkisspítalana, kemur fram að þeim verktaka sem samið er við verði látnir í té símar í anddyrum helstu sjúkrastofnana Ríkisspítalanna honum að kostnaðarlausu. Einnig kemur fram í útboðsgögnum að símarnir eru sérstaklega ætlaðir fyrir beinar línur til afgreiðslu eða skrifstofu verktaka og greiðir verktaki afnotagjald af línunum til Pósts og síma, eftir þeim töxtum sem þar um gilda.

Útboð Innkaupastofnunar ríkisins nr. 3815/2 nær til flutninga á starfsfólki Ríkisspítala á höfuðborgarsvæðinu til og frá heimilum starfsmanna, svo og til sjúklinga í einstaka tilfellum. Fleira fólk en starfsmenn Ríkisspítalanna geta nýtt sér beinlínu síma sem eru í anddyrum sjúkrahúsa svo sem almennir sjúklingar, aðstandendur þeirra og fleiri. Hreyfill kvartar yfir því að geta ekki náð til þessa fólks vegna synjunar (þ.e. skorts á svörum) stjórnar Ríkisspítalanna á því að bifreiðastöðin setji upp síma á eigin kostnað í anddyri aðalinngangs Landspítalans.

Erindi Hreyfils var sent skrifstofu Ríkisspítalanna til umsagnar. Í svari Ríkisspítalanna segir meðal annars að í útboði vegna aksturs fyrir Ríkisspítalana komi fram að verktaka sem samið yrði við um akstur yrði látnir í té símar fyrir beinar línur til afgreiðslu verktaka í anddyrum helstu sjúkrastofnana Ríkisspítala. Einnig segir að við útboð á akstri undanfarin ár og enn í dag sé það skilningur samningsaðila að Ríkisspítalar skuli aðeins heimila beinlínusamband við afgreiðslu þeirrar bifreiðastöðvar sem samið er við hverju sinni og þannig sé stuðlað að því að hagkvæm tilboð fáiast. Ríkisspítalar hafa talið að þeim væri heimilt að hafna beiðnum um beinlínusamband fyrir aðra en þá sem aksturssamningur er gerður við en vilja fá álit samkeppnisráðs á því atriði.

## **II. Ákvörðunarorð:**

### **"Álit samkeppnisráðs.**

Í útboðsgögnum vegna aksturssamnings Ríkisspítalanna kemur fram eins og áður segir að verktaka sem samið verði við verði látnir í té símar í anddyrum helstu sjúkrastofnana Ríkisspítalanna honum að kostnaðarlausu. Símar þessir eru sérstaklega ætlaðir fyrir beinar línur til afgreiðslu eða skrifstofu verktaka og greiðir verktaki afnotagjald af línunum til Pósts og síma eftir þeim töxtum sem þar um gilda. Ekki kemur hins vegar fram í útboðsgögnum að verktaki fái einkarétt á beinlínusambandi.

Eins og áður er getið segir í útboðsgögnum að óskað sé eftir tilboði í flutninga á starfsfólki Ríkisspítalanna á höfuðborgarsvæðinu til og frá heimilum starfsmanna og tilteknum stofnunum Ríkisspítalanna og flutninga sjúklinga í einstaka tilfellum. Samkeppnisráð tekur undir það sjónarmið Hreyfils að fleiri hafi aðgang að beinlínusambandinu en þeir sem segir til um í útboðsgögnum. Þeir sem hafa hug á því að notfæra sér þjónustu annarra leigubílastöðva en þeirrar sem gert hefur samning við Ríkisspítalana þurfa að nota gjaldsíma til að verða sér úti um leigubíla.

Það er mat samkeppnisráðs að með því að neita öðrum leigubifreiðastöðvum um að setja upp beintengda síma í anddyrum sjúkrahúsa, en þeirri stöð sem gert hefur samning við Ríkisspítalana um flutning á starfsfólki o.fl., séu Ríkisspítalarnir að mismuna leigubílastöðvum í að ná til viðskiptavina. Verður að telja þessa samkeppnislegu mismunun óeðlilega með vísan til markmiðs samkeppnislaga sbr. 1 gr. laganna ekki síst þar sem um opinbera stofnun er að ræða."